

15. janúar 1975.

15

Nr. 20.

SAMÞYKKT

um hundahald í Vatnsleysustrandarhreppi.

1. gr.

Hundahald er aðeins heimilt á lögbýlum í Vatnsleysustrandarhreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum í sveitarfélaginu, sem ekki búa á lögbýlum, heimild til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu sveitarfélagsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem hreppsnefnd ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með þessum hundum.
- c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi. Gjaldþagi leyfisgjaldsins er 1. júlí ár hvert.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skólahús, matvöruverslanir, fiskvinnsluhús eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa sveitarfélagsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um sveitarfélagið fara, til óþæginda.
- f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Hreppsnefnd er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. janúar 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.*Dórunn Klemenzdóttir.*

Nr. 21.

17. janúar 1975.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Keflavíkur
nr. 16 frá 22. janúar 1971.**

1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Keflavíkur, sem svo er ástatt um sem segir í 7. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt 0.30% af fasteignamatsverði húss og lóðar samkv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 frá 29. apríl 1963, þó aldrei lægra en kr. 2 000.00 af hverri íbúð.

Tengigjald skal vera kr. 10 000.00 fyrir hús með einni íbúð en kr. 2 500.00 að auki fyrir hverja íbúð í húsi umfram eina.

Tengigjaldið skal greiðast um leið og byggingarleyfisgjaldið.

2. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Aukavatnsskatt skv. 9. gr. skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 4.00 fyrir hvern teningsmetra.

3. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Vatnsveitan lætur mönnum í té löggilta vatnsmæla og er ársleigan fyrir hvern mæli kr. 1 500.00.

4. gr.

19. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Brot gegn reglugerð þessari varða allt að 100 000.00 kr. sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

5. gr.

Gjalddagi vatnsskatts skal vera sá sami og annarra fasteignagjalda.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Keflavíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjalddagi vatnsskatts á árinu 1975 skal vera 15. febrúar.

Félagsmálaráðuneytið, 17. janúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.*Guðmundur Karl Jónsson.*